49. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
Dagsetning: 27.10.2026
Fundartími: 16:30 – 18:00

Mætt til fundar:

Þórey S. Þórsdóttir formaður

Þórarinn Örn Andrésson aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Jóhann Friðleifsson aðalmaður

Ásgeir Bjarnason aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Anna Birna Björnsdóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

Jóhann og Gnýr víkja af fundi við afgreiðslu 1. dagskrárliðs.

1. Dagskrárliður: Ísallínur 3 og 4, framkvæmdaleyfi
Lögð fram umsagnarbeiðni frá skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar þar sem óskað er umsagnar varðandi grenndarkynningu Landsnets vegna áforma um byggja tvær nýjar flutningslínur milli Hamraness og álversins í Straumsvík.
Heilbrigðiseftirlitið skrifaði umsögn um umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar dags. 05.09.2025 og vakti athygli á að vinna þyrfti mat á áhrifum framkvæmdanna á vatnshlotið í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar. Nú liggur fyrir það mat og er niðurstaðan sú að framkvæmdin muni ekki skerða gæði vatnshlotsins umfram núverandi starfsemi á og umferð á svæðinu getur valdið. Heilbrigðiseftirlitseftirlitið leggur áherslu á að tryggt sé að eftirlit sé með framkvæmdinni og mótvægisaðgerðir séu staðfestar af útgefanda framkvæmdaleyfis.
Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

2. Dagskrárliður: Deiliskipulagsbreyting Vinastræti 18-26 - umsögn HEF
Lögð fram beiðni skipulagssviðs Garðabæjar, varðandi deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðirnar Vinastræti 18-26 í Garðabæ. Um er að ræða breytingu á nýtingu með þeim hætti að auka hlutfalla íbúðarhúsnæðis í stað atvinnuhúsnæðis. Jafnframt er hæð húsnæðis lækkað úr 21 metrum í 17 metra.
Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og gerir ekki athugasemdir.
Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

3. Dagskrárliður: Hafnarfjarðarvegur frá Lyngási í Engidal - deiliskipulag
Lögð fram deiliskipulagstillaga til bráðabirgða vegna endurbóta á stígum vestan við Hafnarfjarðarveg milli Lækjarfitjar og sveitarfélagsmarka Garðabæjar og Hafnafjarðar. Í undirbúningi er aðalskipulagsbreyting þar sem gert er ráð fyrir að Hafnarfjarðarvegur verður settur í stokk og að þeirri breytingu lokinni verður deiliskipulagi breytt til samræmis við aðalskipulagstillöguna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Heilbrigðiseftirlitið leggur áherslu á að hljóðsvarnir séu með þeim hætti að hávaði við íbúðarhús meðfram Hafnarfjarðarvegi séu innan þeirra marka sem reglugerð um hávaða gerir ráð fyrir. Að öðru leyti gerir heilbrigðiseftirlitið ekki athugasemdir við tillöguna.
Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

4. Dagskrárliður: Verkefni sem færast til sveitarfélaganna þegar heilbrigðisnefnd verður lögð niður
Lögð fram til kynningar skýrsla starfshóps á vegum SSH um þau verkefni heilbrigðiseftirlits sem hugsanlega verða eftir hjá sveitarfélögunum. Hlutverk hópsins er að ná sameiginlegri yfirsýn sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu yfir þau verkefni sem verða eftir hjá sveitarfélögunum og greina umfang og kostnað við verkefnin. Starfshópnum var falið að skoða hagkvæmni og hagræði af samstarfi sveitarfélaganna og leggja fram tillögur um hvernig það gæti verið útfært.
Starfshópurinn skipti verkefninu í eftirfarandi þætti: Vöktun vatns, vatnsverndarsvæði, dýrahald, umgengni og þrif, loftgæði, mengaðan jarðveg, úrgang, hljóðvist og umsagnir. Gerð er grein fyrir hugsanlegum sviðsmyndum og leiðum varðandi þessa málaflokka og reynt er að leggja mat á kostnað við hvern og einn málaflokk. Skýrslan verður kynnt á næsta fundi stjórnar SSH þann 2. nóvember n.k.
Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að mjög skammur tími er til að vinna að breytingum á þeim samþykktum sveitarfélaga sem gera þarf í kjölfar lagabreytinganna sem taka gildi 1. janúar 2027. Samkvæmt núgildandi lögum er það hlutverk heilbrigðisnefnda að semja drög að samþykktum og breytingum á þeim og leggja fyrir viðkomandi sveitarstjórnir.

Ingibjörg víkur af fundi við afgreiðslu dagskráliðs nr. 5.

5. Dagskrárliður: Krafa frá Smartco ehf. vegna niðurstöðu atvinnuvegaráðuneytis um ákvörðun HEF
Lagt fram erindi Daníels I. Ágústsonar lögmanns, f.h. Smartco ehf. þar sem farið er fram á að Heilbrigðiseftirlitið greiði bætur vegna ólögmætrar stjórnvaldsákvörðunar um sölustöðvun. Erindið er lagt fram í framhaldi af svari lögmanns HEF við fyrri kröfu fyrirtækisins þar sem bótakröfu var hafnað á grundvelli þess að hún var byggð á röngum dagsetningum og órökstuddum söluupplýsingum. Því er hafnað að svo hafi verið og bætt við fullyrðingum að tjón Smartco ehf. væri m.a. vegna þess að viðskiptavinir hættu við að koma í verslunina.
Heilbrigðiseftirlitinu er ætlað að tryggja öryggi matvæla og eru úrræði eftirlitsins samkvæmt lögum um matvæli nr.7/1998 að krefjast innköllunar eða sölustöðvunar á matvörum sem eru ólöglegar á markaði. Ekki er deilt um að viðkomandi vara var ólögleg til sölu hér á landi, en ráðuneytið felldi sölustöðvunina úr gildi á grundvelli þess að heilbrigðiseftirlitið hefði ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni á grundvelli stjórnsýslulaga. Niðurstaða heilbrigðiseftirlits var í samræmi við túlkun Matvælastofnunnar og í samræmi við lög um matvæli nr.7/1998.
Heilbrigðisnefnd hafnar bótakröfu Smartco ehf. á grundvelli þess að hún sé órökstudd og án allra gagna sem sýna fram á tjón fyrirtækisins. Framkvæmdastjóra falið að fela lögfræðingi heilbrigðiseftirlitsins að svara erindi Smartco ehf.

6. Dagskrárliður: Úrskurður atvinnuvegaráðuneytisins vegna skilyrða í starfsleyfi Kjútís ehf.
Lagður fram úrskurður atvinnuvegaráðuneytisins vegna stjórnsýslukæru er varðar skilyrði í starfsleyfi Kjútís ehf. Felld er úr gildi sú krafa heilbrigðiseftirlitsins að binda starfsleyfi kæranda því skilyrði að geymsla og afgreiðsla drykkjarvöru fyrir hönd annarra aðila sé háð því að viðkomandi aðilar hafi gilt starfsleyfi fyrir markaðssetningu matvæla. Hafnað er kröfu kæranda um að hugtakið vöruhótel verði fellt brott úr starfsleyfi.
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir helstu sjónarmiðum sem fram koma í rökstuðningi kæranda og heilbrigðiseftirlitsins.
Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðiseftirlitinu að breyta starfsleyfi í samræmi við úrskurð ráðuneytisins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11 2026

7. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 7.10.2026
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlits frá dags. 7. október 2026 til kynningar og staðfestingar.

8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 14.10. 2026
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlits frá dags. 14. október 2026 til kynningar og staðfestingar.

9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 30.09.2026
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlits frá dags. 30. september 2026 til kynningar og staðfestingar.

10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 21.10.2026
Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar heilbrigðiseftirlits frá dags. 21. október 2026 til kynningar og staðfestingar.

Undirskrift fundargerðar

Þórey S. Þórsdóttir formaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Þórarinn Örn Andrésson aðalmaður

Jóhann Friðleifsson aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Ásgeir Bjarnason aðalmaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11 2026

130. Afgreiðslufundur HEF
Dagsetning 30. september 2026

1. Hagasmári 1 Kópavogur - matsölustaður - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Petru Marteinsdóttur f.h. Local ehf., kt. 540313-1990, dags. 28.09.2026 þar sem sótt er um leyfi fyrir matsölustað að Hagamára 1, Kópavogi. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 08.07.2026.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

2. Smiðjuvegur 74 - tækifærisleyfi til áfengisveitinga - umsögn
Lögð fram beiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um tækifærisleyfi dags. 25.9.2026 vegna trukka- og tækjasýningar sem haldin verður í ET verslun ehf., Smiðjuvegi 74, Kópavogi 17.10.2026 frá 17:00-22:00. Áætlaður gestafjöldi: 700.
Jákvæð umsögn staðfest.

3. Eyrartröð 16 Hafnarfjörður - fiskvinnsla - skráning
Lögð fram umsókn Odds Friðriks Vilmundarsonar f.h. Reykhúsið Reykhólar ehf., kt. 541009-0430 dags. 18.09.2026 þar sem sótt er um skráningu á fiskvinnslu að Eyrartröð 16, Hafnarfirði. F2074583. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 30.09.2026.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

4. Linnetstígur 6 Hafnarfirði - niðurrif mannvirkja - skráning
Lögð fram umsókn Þormóðs Orra Baldurssonar f.h. Berserkir ehf., kt. 550198-2159 dags. 17.09.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif mannvirkja að Linnetstíg 6 Hafnarfirði. F2077509. Tímabundin starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 24.09.2026Jákvæð umsögn Vinnueftirlits 21.09.2026
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

5. 540Brúarfljót 2 Mosfellsbær - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Elisabeth Granneman f.h. Svartberg ehf., kt. 540222-0610 dags. 15.09.2026 þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu íþróttanæringarvara frá Brúarfljóti 2, Mosfellsbæ. F2505860. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 30.09.2026.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

6. Seljabrekka Mosfellsbæ meindýravarnir - skráning
Lögð fram umsókn Sólons Kristins Árnasonar kt.140491-2769 dags. 14.07.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir meindýravarnir að Seljabrekku 27a Mosfellsbæ. F2082322. Endurnýjun. Þar sem um er að ræða starfsemi á vatnsverndarsvæði, þá verður gefið út starfsleyfi á grundvelli vatnsverndarsamþykktar. Eftirlitsskýrsla dags. 30.09.2026.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til til 2 ára.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

131. Afgreiðslufundur HEF
Dagsetning 7. október 2026

1. Vefarastræti 22 Mosfellsbæ - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Arnars Bjarnasonar f.h. Vínbóndinn ehf., kt. 630317-2070 dags. 16.09.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Vefarastræti 22 Mosfellsbæ. F235-9473. Dreifing frá vöruhúsi. Eftirlitsskýrsla dags. 07.10.2026.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

2. Rjúpnasalir 1 Kópavogur - hársnyrtistofa - skráning
Lögð fram umsókn Álfheiðar Láru Óðinsdóttur kt. 150787-3279 dags. 02.10.2026 þar sem sótt er um leyfi fyrir hársnyrtistofu að Rjúpnasölum 1, Kópavogi. F2275866. Endurnýjun starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 02.10.2026.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning samþykkt.

3. Kórinn Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um tækifærisleyfi dags. 02.10.2026 vegna Herrakvölds HK sem haldið verður í Kórnum, Kópavogi frá kl. 19:00 þann 16.10.2026 til kl. 01:00 þann 17.10.2026. 350 gestir, 18-85 ára.
Jákvæð umsögn.

4. Miðgarður - tækifærisleyfi villibráðakvöld - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um tækifærisleyfi dags. 30.09.2026 vegna villibráðakvölds Stjörnunnar sem haldið verður í Miðgarði þann 06.11.2026 frá kl. 17:00 til kl. 01:00 þann 07.11.2026. 180 gestir á aldrinum 20-75 ára.
Jákvæð umsögn.

5. Miðgarður - tækifærisleyfi herrakvöld - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um tækifærisleyfi dags. 05.10.2026 vegna árlegs herrakvölds Stjörnunnar sem haldið verður í Miðgarði þann 09.10.2026 frá kl. 17:00 til kl. 01:00 þann 10.10.2026. 160 gestir á aldrinum 20-75 ára.
Jákvæð umsögn.

6. Hlaðan - tækifærisleyfi 10.10-11.10..2026 - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um tækifærisleyfi dags. 01.10.2026 vegna brúðkaups sem haldið verður þann 10.10.2026 í Hlöðunni, Álftanesi frá kl. 16:30 10.10.2026 til kl. 01:00 11.10.2026. 127 manns.
Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn um tækifærisleyfi til áfengisveitinga fyrir viðburðinn 01.10.2026 frá kl.16:30-01.00 þann 18.10.2026. Jákvæð umsögn er þó háð því að notkun hljóðkerfis utanhúss er óheimil, flugeldanotkun er óheimil og ekki er heimilt að vera með bálkesti á svæðinu. Þá fer heilbrigðiseftirlitið fram á að hávaði frá viðkomandi starfsemi verði takmarkaður svo nágrannar verði ekki fyrir ónæði af starfseminni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

7. Flatahraun 5a Hafnarfirði - veitingastaður - tóbaksleyfi
Lögð fram umsókn Sigdórs Sölva Valgeirssonar f.h. Dúos ehf., kt. 680415-1290 dags. 23.09.2026 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir veitingastað að Flatahrauni 5a Hafnarfirði. F2554403. Nýtt leyfi. Eftirlitsskýrsla dags. 7.10.2026.
Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

8. Staðarberg 2-4 Hafnarfirði - matvöruverslun - tóbaksleyfi
Lögð fram umsókn Vilhjálms Einarssonar f.h. Samkaup ehf., kt. 571298-3769 dags. 22.09.2026 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Spar verslun að Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 06.10.2026.
Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

9. Hagasmári 1 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Daníels Kára Stefánssonar f.h. Berjaya Coffee Iceland ehf., kt. 510624-1140 dags. 16.09.2026 þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla í Garðinum Smáralind Kópavogi. F114528. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 07/10/2026
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

10. Fjarðargata 13-15 Kópavogi - matsölustaður - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Sigríðar Þráinsdóttir f.h. STOFAN verslun ehf., kt. 620422-1690 dags. 18.09.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matsölustað að Fjarðargötu 13-15 Hafnarfirði. Eigendaskipti.
Eftirlitsskýrsla dags. 07.10.2026.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

11. Nýbýlavegur 8 Kópavogur - matvælaframleiðsla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Aisuluu Shatmanova f.h. Ísalind ehf., kt. 560920-0160 dags. 14.09.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu í húsnæði Eldstæðisins að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 06.10.2026.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

12. Skemmuvegur 4 Kópavogi - pylsuvagn - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Baldurs Inga Halldórssonar f.h. Bæjarins bestu sf., kt. 600794-2569 dags. 09.09.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir pylsuvagn að Skemmuvegi 4 Kópavogi. F2064861. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 2.10.2026
Með vísun til ákvæða matvæla – og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

13. Nýbýlavegur 8 Kópavogi - matvælaframleiðsla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Karenar Ýrar Finnbogadóttur (Butter & bow), kt. 240598-2809 dags. 23.08.2026 þar sem sótt er um leyfi fyrir framleiðslu á "chunky cookies", kökum, bollakökum og námskeiðum að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. F2064397. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 07.10.2026.
Með vísun til matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

14. Hagasmári 9 Kópavogi - veitingastaður - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Angilei Quintero f.h. Chevere ehf., kt. 530226-2390 dags. 24.06.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs veitingaverslun að Hagasmára 9 Kópavogi. Fasteignanr. F2235241.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi hafnað, þar sem ekki liggja fyrir tilskilin gögn eða upplýsingar um starfsemina.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

15. Hagasmári 1 Kópavogi - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Hjálmtýs Grétarssonar f.h. ELKO ehf., kt. 561000-3280 dags. 27.04.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Hagasmára 1 (Smáralind), Kópavogi. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 07.10.2026.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

16. Grundartangi 7, Mosfellsbæ - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Brynjars Jóhannessonar f.h. Gb7 ehf., kt. 690800-2840 dags. 03.01.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Grundartangi 7, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2297084. Ný starfsemi. Dreifing frá Gorilla vöruhús.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi hafnað þar sem ekki liggja fyrir umbeðin gögn eða upplýsingar.

17. Kaplakriki Hafnarfjörður - tækifærisleyfi - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um tækifærisleyfi dags. 02.10.2026 vegna tónleika Of Monsters and Men sem haldnir verða í Kaplakrika þann 17.10.2026 frá kl. 18:00-23:30. 2850 manns, aldur 20-99 ára.
Jákvæð umsögn.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

132. Afgreiðslufundur HEF
Dagsetning 14. október 2026

1. Tónahvarf 10 Kópavogur - framleiðsla á snyrtivörum - skráning
Lögð fram umsókn Önnu Maríu Ragnarsdóttur f.h. Amro ehf. kt. 500119-1790 dags. 08.10.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir framleiðslu á snyrtivörum að Tónahvarfi 10, Kópavogi. F2329404. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 08.10.2026.Bréf sent bygg.f. dags. 09.07.2025. Jákvætt svar dags. 20.05.2026.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

2. Hlaðan - tækifærisleyfi 17.10-18.10..2026 - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um tækifærisleyfi dags. 13.10.2026 vegna brúðkaups sem haldið verður þann 18.10.2026 í Hlöðunni, Álftanesi frá kl. 16:00 17.10.2026 til kl. 01:00 18.10.2026. 127 manns.
Heilbrigðiseftirlitið veitir jákvæða umsögn um tækifærisleyfi til áfengisveitinga fyrir viðburðinn 17.10.2026 frá kl.16:00-01.00 þann 18.10.2026. Jákvæð umsögn er þó háð því að notkun hljóðkerfis utanhúss er óheimil, flugeldanotkun er óheimil og ekki er heimilt að vera með bálkesti á svæðinu. Þá fer heilbrigðiseftirlitið fram á að hávaði frá viðkomandi starfsemi verði takmarkaður svo nágrannar verði ekki fyrir ónæði af starfseminni.

3. Ásvellir 1 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um tækifærisleyfi dags. 8.10.2026 f.h. Boxfit ehf., kt. 420718-0550 vegna hnefaleikamóts sem haldinn verður í Haukaheimilinu Ásvöllum 1 Hafnarfirði. þann 6.11.2026 frá kl. 18:00 - til kl. 00:00 Áæ. gestafjöldi 1200 manns.
Jákvæð umsögn.

4. Hlégarður Mosfellsbæ - tækifærisleyfi - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um tækifærisleyfi dags. 07.10.2026 f.h. Dúskur ehf. kt. 610726-0380 vegna dansleiks/halloween sem haldinn verður í Hlégarði, Mosfellsbæ þann 30.10.2026 frá kl. 23:00 til kl. 03:00 31.10.2026. Áæ. gestafjöldi 500 manns.
jákvæð umsögn.

5. Kauptún 5 Garðabær - leikskóli - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Guðmundar Péturssonar f.h. Skólar ehf., kt. 630800-2930 dags. 14.09.2026 þar sem sótt er um leyfi fyrir leikskóla að Kauptúni 5, Garðabæ. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 07.10.2026.Jákvætt svar bf. dags. 12.10.2026.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Hraunhólar 18 Garðabær - gistileyfi - umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 02.10.2026 f.h. Hátján ehf., kt. 561215-1110 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Gististaðar í Flokkur II - C minna gistiheimili að Hraunhólum 18. Fasteignanr. 2070652. Hámarksfjöldi gesta: 7.
Neikvæð umsögn, þar sem ekki liggur fyrir starfsleyfi fyrir starfseminni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

7. Strandvegur 14 Garðabær - innflutningur á víni - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Neil John Smit f.h. John Smith ehf., kt. 610313-0270 dags. 18.09.2026 þar sem sótt er um leyfi fyrir innflutningi á suður Afrískum vínum með lögheimili að Strandvegi 14, Garðabæ. F2266957. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfisumsókn hafnað þar sem tilskilin gögn liggja ekki fyrir.

9. Hófgerði 10 Kópavogur - gisting - umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.09.2026 f.h. Hilex ehf., kt. 490821-1040 þar sem sótt er um leyfi til reksturs Gististaðir í Flokkur II – C Minna gistiheimili í Flokkur II (4 gestir) að Hófgerði 10, Kópavogi. F2062334.
Neikvæð umsögn, þar sem ekki liggur fyrir leyfi samkvæmt skipulagi fyrir starfseminni.

10. Smáraflöt 20 Garðabæ - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Kristínar Lindu Sigmundsdóttur f.h. Nart ehf., kt. 461221-0840 dags. 08.07.2026 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Smáraflöt 20 Garðabæ. Fasteignanr. F2072221. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi hafnað, þar sem ekki liggja fyrir þau gögn eða upplýsingar sem óskað er eftir.

11. Miðhraun 22 Garðabær - framleiðsla matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Lovísu Ásgeirsdóttur f.h. Circolo hef., kt. 691105-0670 dags. 21.10.2025 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu matvæla að Miðhrauni 22, Garðabæ. Fasteignanr. F2238034. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 27.01.2026Bréf sent byggingarfulltrúa dags. 22.10.2025. Ítrekun dags. 06.05.2026. Neikvætt svar dags. 12.5.2026. Ítrekun 6.10.2026. jákvætt dags 12.10.2026.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

12. Ægir 220 - tækifærisleyfi - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um tækifærisleyfi dags. 14.10.2026 vegna tónleika sem haldnir verða þann 23.-24.10.2026 og 24.-25.10.2026 í Ægir 220, Hafnarfirði frá kl. 19:00 til kl. 01:00. 250 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

133. Afgreiðslufundur HEF
Dagsetning 21. október 2026

1. Háholt 13-15 Mosfellsbær - veitingastaður - tóbaksleyfi
Lögð fram umsókn Sigdórs Sölva Valgeirssonar f.h. Dúos ehf. kt. 680415-1290 dags. 19.10.2026 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Dúos ehf., Háholti 13-15, Mosfellsbæ. Nýtt leyfi.
Eftirlitsskýrsla dags. 21.10.2026.
Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

2. Strandgata 53 Íþróttahúsið - tækifærisleyfi - umsögn
Lögð fram umsagnarbeiðni Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um tækifærisleyfi dags. 14.10.2026 vegna áhugamannahnefaleika keppni sem haldin verður þann 12.12.2026 frá kl. 15:00-00:00 í íþróttahúsinu Strandgötu, Hafnarfirði. 700 manns.
Jákvæð umsögn.

3. Borgahella 8 Hafnarfirði - hjólbarðaverkstæði - skráning
Lögð fram umsókn Viktors Arnar Guðmundssonar f.h. N1 ehf., kt. 411003-3370 dags. 14.10.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Borgarhellu 8 Hafnarfirði Fasteignanr. F2330006.. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 20.10.2026.Jákvætt svar frá byggingarfulltrúa dags. 20.10.2026.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

4. Dalvegur 28 Kópavogi - bifreiða- og vélaverkstæði - Skráning
Lögð fram umsókn Piotr Szewc f.h. Bílaverkstæðið Fram ehf., kt. 430615-0250 dags. 15.06.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða- og vélaverkstæði að Dalvegi 28, Kópavogi. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 12.06.2026.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

5. Hvaleyrarbraut 31 Hafnarfirði - fiskvinnsla - skráning
Lögð fram umsókn Sveins Inga Ragnarssonar f.h. Hamrafell ehf., kt. 5004850519 dags. 09.10.2026 þar sem sótt er um skráningu fyrir fiskvinnslu að Hvaleyrarbraut 31 Hafnarfirði. F2076256. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 21.10.2026
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026